

Þessir almennu skilmálar eiga við um þjónustusamninga vegna skrifstofu/sameiginlegra vinnusvæða, sýndarskrifstofu og aðildar.

1. Almennur samningur

- 1.1. Eðli samnings: Hver og ein miðstöð er í eigu okkar og undir okkar stjórn öllum stundum. ÞÚ SAMÞYKKIR AÐ SAMNINGURINN VEITIR ÞÉR ENGIN LEIGURÉTTINDI, LEIGUUMRÁÐ NÉ ÖNNUR FASTEIGNARÉTTINDI HVAÐ VARÐAR AÐSTÖÐUNA.
- 1.2. Húsreglur: Húsreglurnar, sem finna má í þessum skilmálum, eru fyrst og fremst settar og þeim framfylgt til að tryggja að allir viðskiptavinir hafi aðgang að faglegu starfsumhverfi.
- 1.3. Aðgengi við upphaf samnings: Ef við, af einhverjum óviðráðanlegum orsökum, getum ekki veitt þá þjónustu eða aðstöðu í miðstöðinni sem tekið er fram í samningnum strax við upphaf samnings berum við enga bótaskyldu gagnvart þér. Þér er hins vegar heimilt að nýta þér einhverja aðra af miðstöðvum okkur (fer eftir framboði), fresta upphafi samningsins eða segja samningnum upp.
- 1.4. **SJÁLFRÍK ENDURNÝJUN:** TIL AÐ TRYGGJA AÐ VIÐ GETUM VEITT ÞÉR GÓÐA, SNURÐULAUSA OG SAMFELDA ÞJÓNUSTU VERÐA ALLIR SAMNINGAR ENDURNÝJAÐIR SJÁLFRÍKRAFA Í JAFNLANGAN TÍMA OG SÁ SAMNINGUR SEM ÞÁ ER Í GILDI ÞAR TIL ÞÚ EÐA VIÐ SEGJUM UPP SAMNINGNUM. ÖLL SAMNINGSTÍMABIL MIÐAST VIÐ LOKADAG ÞESS MÁNAÐAR SEM SAMNINGURINN ÆTTI AÐ RENNA ÚT. GJÖLD FYRIR ENDURNÝJUN FARA EFTIR RÁÐANDI MARKAÐSVERÐI HVERJU SINNI (VERÐ ERU ÁKVEÐIN ÁRLEGA OG ÞVÍ GETUR VERÐ BREYST EFTIR ÞVÍ HVENÆR SAMNINGURINN ER ENDURNÝJAÐUR). EF ÞÚ ÓSKAR EKKI EFTIR AÐ ENDURNÝJA SAMNING GETUR ÞÚ AUÐVELDLEGA SAGT HÖNUM UPP MEÐ ÞVÍ AÐ TILKYNNNA OKKUR ÞAÐ MEÐ FYRIRVARA, OG TEKUR UPPSÖGNIN ÞÁ GILDI Á LOKADEGI SAMNINGSINS, EÐA VIÐ LOK HVERRAR FRAMLINGINGAR EÐA ENDURNÝJUNARTÍMABILS. ÞÚ ÞARFT AÐ TILKYNNNA UPPSÖGN SAMNINGS GEGNUM NETREIKNINGINN ÞINN EÐA GEGNUM APPIÐ. UPPSAGNARFRESTUR ER SEM HÉR SEGIR:

<u>Samningur</u>	<u>Uppsagnarfrestur</u>
Einn mánuður í senn	að lágmarki 1 mánuður talið frá 1. degi hvers almanaxmánaðar
Þrjú mánuðir	að lágmarki 2 mánuðir fyrir lok samnings
Meira en þrjú mánuðir	að lágmarki 3 mánuðir fyrir lok samnings
- 1.5. Hugsanlega ákveðum við að endurnýja ekki samning. Ef svo er, látum við þig vita með tölvupósti, gegnum appið eða netreikninginn þinn. Sami uppsagnarfrestur gildir eins og tekið er fram hér að ofan.
- 1.6. Ef miðstöðin er ekki lengur tiltæk: Ef til þess kemur að okkur er ókleift að veita þjónustu og aðstöðu í þeirri miðstöð sem getið er um í samningnum munum við bjóða þér aðstöðu í annarri miðstöð á okkar vegum. Ef svo ólíklega vill til að okkur tekst ekki að finna annan nálgægan valkost mun samningurinn falla úr gildi. Þú þarft aðeins að greiða mánaðarlegt gjald fram að þeirri dagsetningu sem og fyrir aðra viðbótarpjónustu sem þú kannt að hafa nýtt þér.
- 1.7. Tafarlaus uppsögn samnings: Okkur er heimilt að tilkynna þér um tafarlausu uppsögn samnings ef (a) þú verður gjaldþrota; eða (b) ef þú brýtur gegn einhverjum skuldbindingum þínum sem ekki er unnt að bæta fyrir, eða við höfum sent þér tilmæli um að bæta fyrir og þú ekki brugðist við með fullnægjandi hætti innan 14 daga frá slíkum tilmælum; eða (c) hegðun þín eða hegðun einstaklings sem staddur er í miðstöðinni á þínum vegum eða með þínu leyfi samræmist ekki eðlilegum starfsvenjum og (i) slík hegðun heldur áfram þrátt fyrir tilmæli um annað, eða (ii) slík hegðun er nægilega alvarleg til að unnt sé að réttlæta tafarlausu uppsögn (að okkar mati); eða (d) þú hefur brotið gegn skilmálunum "fylgni við lög" sem tilgreindir eru hér fyrir neðan. Ef við segjum upp samningi við þig af einhverjum þeim orsökum sem tilgreindar eru í þessum kafla leysir það þig ekki undan fjárhagslegum skuldbindingum þínum. Þar á meðal, en takmarkast ekki við, ber þér skylda til að standa við greiðslur vegna effirstöðva þess tímabils sem samningurinn var gerður fyrir í upphafi.
- 1.8. Þegar samningi um skrifstofu lýkur: Þegar samningi lýkur þarft þú að yfirgefa skrifstofuna samstundis og skilja við hana í sama ástandi og hún var í þegar þú tókst við henni. Ef þú skilur einhverjar eigur eftir í miðstöðinni er okkur heimilt að fjarlægja þær á þinn kostnað. Við berum enga ábyrgð á þessum eigum og ágóði af sölu þeirra ef einhver er fer ekki til þín. Ef þú heldur áfram að nota aðstöðuna eftir lok samningstímabilsins berð þú ábyrgð á hverju því tapi sem við kunnum að verða fyrir af þeim völdum, sem og þeim kröfum eða bótaskyldu sem skapast getur vegna þess að þú notaðir aðstöðuna fram yfir umsaminn tíma.
- 1.9. Flutningur: Með fyrirvara um framboð (sem við tökum alfarið ákvörðun um) getur þú flutt samninginn þinn yfir á aðra aðstöðu í IWG-neti miðstöðva, svo fremi sem fjárhagslegar skuldbindingar þínar verði áfram þær sömu (eða aukist) og að slíkur flutningur sé ekki notaður til að framlengja eða endurnýja fyrirbyggjandi samning. Slíkur flutningur getur krafist þess að nýr samningur sé gerður.

2. Notkun miðstöðvanna:

2.1. Starfsemi: Þú mátt ekki reka starfsemi sem er í samkeppni við starfsemi okkar, þ.e. sem lýtur að því að útvega skrifstofurými og sveigjanlega vinnuaðstöðu og tengda þjónustu. Þú mátt ekki nota vörumerki okkar (eða hlutdeildarfélag okkar) í tengslum við starfsemi þína með neinum hætti. Þér er aðeins heimilt að nota heimilisfang miðstöðvarinnar sem skráð heimilisfang skrifstofu þinnar að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum: Slíkt er heimilt samkvæmt lögum; og við höfum gefið fyrir því skriflegt samþykki (aukagjald er innheimt fyrir þessa þjónustu). Þú mátt einungis nota aðstöðuna sem skrifstofu í viðskiptalegum tilgangi. Ef við teljum að beiðni um ákveðna þjónustu sé óvenju yfirgripsmikil áskiljum við okkur rétt til að innheimta viðbótargjald. Til að tryggja sem best starfsumhverfi fyrir alla notendur miðstöðvarinnar biðjum við þig vinsamlegast að takmarka heimsóknir utanaðkomandi aðila.

2.2. Aðstaða

2.2.1. Breytingar eða skemmdir: Þú berð ábyrgð á öllum skemmdum sem verða af þínum völdum eða af völdum aðila sem eru í miðstöðinni á þínum vegum, þar á meðal, en takmarkast ekki við, starfsmanna þinna, verktaka og/eða fulltrúa.

2.2.2. Uppsetning tæknilausna: Við leggjum metnað okkar í að veita tæknilausnir og tryggja viðhald þeirra í miðstöðvum okkar og því er þér óheimilt að setja upp aðrar tæknilausnir án okkar samþykkis. Okkur er heimilt að neita þér um samþykki fyrir því að setja upp aðrar tæknilausnir. Við setjum það skilyrði fyrir samþykki okkar að þú heimilir okkur að fylgjast með og hafa umsjón með öllum uppsetningum (til dæmis uppsetningu tæknilausna eða raflagna) og ganga úr skugga um að þær hafi ekki truflandi áhrif á aðra viðskiptavinum okkar, fyrirtækið sjálft eða leigusala. Þú berð allan kostnað við slíka uppsetningu og fjarlægingu.

2.2.3. Notkun aðstöðunnar: Í samningnum kemur fram hvaða aðstöðu þér er úthlutað í upphafi. Þú hefur almennan afnotarétt af þeim rýmum sem þér eru úthlutað. Þegar um skrifborð á sameiginlegu vinnusvæði er að ræða getur aðeins einn einstaklingur notað það – margir einstaklingar mega ekki deila því á milli sín. Hugsanlega þarft þú af og til að flytja aðstöðu þína til innan miðstöðvarinnar í samræmi við rekstrarþarfir miðstöðvarinnar hverju sinni. Ný aðstaða verður af sambærilegri stærð og hin fyrri, og við munum tilkynna þér um allar slíkar breytingar með fyrirvara.

2.2.4. Aðgangur að aðstöðunni: Til að tryggja hátt þjónustustig áskiljum við okkur aðgangsrétt að aðstöðu þinni hvenær sem er, þar með talið, en takmarkast ekki við, ef upp kemur neyðartilvik, vegna þrifa, til skoðunar eða til að sýna öðrum áhugasömum viðskiptavinum aðstöðuna hafir þú þegar sagt samningnum upp. Við munum ávallt virða allar viðeigandi öryggisráðstafanir sem þú setur upp til að tryggja öryggi starfsemi þinnar.

2.3. Aðild:

2.3.1. Eftir að hafa undirritað samning um aðild hefur þú, á skrifstofutíma, aðgang að þeim miðstöðvum sem falla undir samninginn um allan heim, háð framboði.

2.3.2. Nýting aðildar: Nýting er mæld í heildum dögum, ekki er hægt að flytja ónotaða daga yfir á næsta mánuð. Aðild heimilar ekki viðveru utan skrifstofutíma, yfirgefa þarf öll vinnusvæði við lok hvers dags. Þú berð ávallt fulla ábyrgð á þeim eigum þínum sem eru í miðstöðinni. Við berum enga ábyrgð á verðmætum sem skilin eru eftir án eftirlits. Notir þú aðstöðuna í meira mæli en aðildarsamningur þinn segir til um munum við innheimta viðbótargjald fyrir notkun. Þér er heimilt að bjóða einum gesti án endurgjalds (innan eðlilegra marka). Aðrir gestir þurfa að kaupa dagpassa.

2.3.3. Meðlimum er óheimilt að nota miðstöð sem heimilisfang fyrirtækis án þess að þegar hafi verið gerður samningur um skrifstofu eða sýndarskrifstofu. Ef heimilisfang miðstöðvar er notað sem heimilisfang fyrirtækis leiðir það sjálfkrafa af sér að skráningu þinni er breytt í sýndarskrifstofu jafn lengi og aðild þín gildir, og viðbótargjöld verða innheimt í samræmi við það.

2.4. Fylgni við lög: Þú verður að fylgja öllum gildandi lögum og reglugerðum í viðskiptum þínum. Þú mátt ekki gera neitt sem getur truflað notkun okkar eða annarra viðskiptavina á miðstöðinni (meðal annars, en takmarkast ekki við, viðhaft pólitískan áróður eða ósiðlegt atferli), valdið truflun eða óþægindum, eða valdið okkur skaða eða tjóni (þar með talið skaði á orðspori) eða valdið eiganda húsnæðis tjóni. Fáum við upplýsingar frá opinberum aðila eða öðrum lögbærum aðila um að rökstuddur grunur leiki á að þú sért að sinna ólöglegum aðgerðum í miðstöðinni, eða ef opinber yfirvöld beita þig einhverjum refsiaðgerðum, er okkur heimilt að afturkalla alla samninga við þig fyrirvaralaust. Þú samþykkir að brjótir þú á einhvern hátt í bága við ákvæði þessa kafla telst það sem brot á éfnislegum ákvæðum samningsins og því er okkur heimilt að afturkalla samninginn fyrirvaralaust.

2.5. Siðferði í viðskiptum: Bæði við og þú skuldbindum okkur til að fara í einu og öllu eftir öllum gildandi lögum sem varða baráttu gegn þrælshaldi, mútum og spillingu.

2.6. Gagnavernd:

2.6.1. Báðir aðilar skulu fylgja öllum lögum sem gilda um gagnavernd. Grundvöllur fyrir vinnslu okkar á persónugögnum þínum er skýrður í persónuverndarstefnu okkar (sem er aðgengileg á vefsvæði okkar á www.iwgplc.com/clientprivacypolicy).

2.6.2. Þú staðfestir og samþykkir að við kunnum að safna og vinna úr persónugögnum varðandi þig og/eða starfsfólk þitt á gildistíma þjónustusamningsins. Meðhöndlun slíkra persónuupplýsinga verður í samræmi við persónuverndarstefnu okkar. Þegar þú lætur okkur þessar upplýsingar í té tryggir þú að þú hafir fengið nauðsynleg samþykki og gefið nauðsynlega fyrirvara í þeim tilgangi.

2.7. Starfsmenn: Bæði þér og okkur er óheimilt að falast eftir starfsmanni hins aðilans eða þjóða viðkomandi starf (þetta gildir í 3 mánuði eftir að viðkomandi starfsmaður lýkur störfum hjá hinum aðilanum.) Ef þú eða við brjótum gegn þessu ákvæði þarf sá aðili sem brýtur gegn ákvæðinu að greiða hinum aðilanum sem svarar 6 mánaða launum þess starfsmanns sem um ræðir, sé farið fram á það.

2.8. Trúnaðarkvöð: Trúnaður skal gilda um skilmála samninga. Hvorugur aðillinn má opinbera skilmála samningsins án samþykkis hins, nema gildandi lög eða opinbert yfirvald fari fram á slíkt. Þessi trúnaðarkvöð gildir í 3 ár eftir að samningi lýkur.

2.9. Framsal: Samningurinn miðast við persónu þína og þú mátt ekki framselja hann annað án samþykkis okkar nema farið sé fram á slíkt framsal lögum samkvæmt. Samt sem áður munum við ekki standa í vegi fyrir slíku framsali til samstarfsaðila svo framarlega sem formlega er um það samið. Við kunnum að flytja sérhvern samning og sérhvern reikning sem samið hefur verið um að þú skulir greiða til hvaða annars aðila innan samstæðu okkar sem er.

2.10. Gildandi lög: Samningur er túlkaður og honum framfylgt í samræmi við lög þess lands þar sem miðstöðin er, frávik frá slíkum lögsagnarumdæmum má finna í húsreglum. Við og þú samþykkjum sértæka lögsögu dómstóla í viðkomandi lögsagnarumdæmi. Ef einhver ákvæði þessara skilmála eru metin sem ógild eða óframfylgjanleg samkvæmt gildandi lögum skulu önnur ákvæði gilda áfram.

3. Bótaábyrgð okkar gagnvart þér og trygging

3.1. Umfang skaðabótaskyldu okkar: Að því marki sem gildandi lög leyfa berum við enga bótaábyrgð gagnvart þér í tengslum við tap eða skaða sem þú verður fyrir vegna samnings okkar á milli, þar með talið, en takmarkast ekki við, tap eða skaða sem verður vegna þess að okkur var ekki unnt að veita þjónustu vegna bilunar í vélbúnaði, verkfalla eða annarra atburða sem við ráðum ekki við, svo framarlega sem við sýndum ekki af okkur gáleysi eða stuðluðum vísitandi að slíkum atburðum. Undir engum kringumstæðum erum við skaðabótaskyld vegna taps eða skaða nema þú leggir fram skriflega tilkynningu og veitir okkur eðlilegan tíma til að bæta úr hlutunum. Ef skaðabótaskylda skapast vegna þess að við veittum þér ekki þá þjónustu sem um var samið munum við greiða þér allan þann raunverulega kostnað og viðbótarkostnað innan eðlilegra marka sem þú varðst fyrir vegna þess að þú þurftir að sækja sömu eða svipaða þjónustu annað. Undantekningar og fyrirvarar á þessu eru hér fyrir neðan.

3.2. Tryggingar þínar: Þú berð ábyrgð á að tryggja þann búnað sem þú kemur með í miðstöðina, póst sem þú sendir eða móttækur, og tryggja þig gagnvart skaðabótaskyldu sem þú kannt að stofna til gagnvart starfsmönnum þínum eða þriðju aðilum. Við mælum eindregið með því að þú kaupir slíkar tryggingar.

3.3. Tækniþjónusta og skuldbindingar: Þó svo að netöryggisráðstafanir séu til staðar og leitað sé allra leiða til að tryggja snurðulausa nettengingu GETUM VIÐ EKKI OG MUNUM EKKI TRYGGJA SAMFELT AÐGENGI AÐ NETTENGINGU OKKAR EÐA AÐ INTERNETTENGINGU, NÉ HELDUR ÁBYRGJUMST VIÐ ÖRYGGI HENNAR, EÐA ÖRYGGI ÞEIRRA UPPLÝSINGA OG GAGNA SEM ÞÚ FLYTUR MEÐ ÞEIRRI TENGINGU. Þú ættir að innleiða hverjar þær öryggisráðstafanir (á borð við dulkóðun) sem þú telur vera viðeigandi fyrir fyrirtæki þitt. Þau úrræði sem við munum grípa til vegna truflunar á nettengingu sem er á okkar færi að leiðrétta verða eingöngu þau að grípa til ráðstafana til að bæta tenginguna innan eðlilegra tímamarka í kjölfar tilkynningar frá þér til okkar.

3.4. ÚTILOKUN Á AFLEIDDU TJÓNI: UNDIR ENGUM KRINGUMSTÆÐUM ERUM VIÐ SKAÐABÓTASKYLD GAGNVART ÞÉR VEGNA EFTIRFARANDI: TAPS Á VIÐSKIPTUM, TAPS Á ÁVINNINGI, TAPS Á ÁÆTLUÐUM SPARNADI, GAGNATAPS EÐA SKAÐA Á GÖGNUM, KRAFNA ÞRIÐJA AÐILA EÐA ANNARS AFLEIDDS TJÓNS. VIÐ MÆLUM EINDREGIÐ MEÐ ÞVÍ AÐ ÞÚ TRYGGIR ÞIG GAGNVART ÖLLUM SLÍKUM HUGSANLEGUM SKAÐA, TJÓNI, KOSTNAÐI EÐA KRÖFUM.

3.5. Takmarkanir á upphæðum bótakrafna: Í öllum tilvikum takmarkast upphæð bóta til þín við eftirfarandi.

3.5.1. engin mörk vegna líkamstjóns eða dauða;

- 3.5.2. að hámarki 1 milljón GBP (eða 1,5 milljón USD eða 1 milljón EUR eða sambærileg upphæð í gjaldmiðli viðkomandi lands) fyrir stakt atvik eða röð atvika sem valda tjóni á eignum þínum; og
- 3.5.3. að hámarki 125% af heildarupphæð greiddra gjalda frá upphafsdagsetningu samnings fram að þeirri dagsetningu sem umrædd krafa er sett fram fyrir allt annað tjón; eða, ef hærra (gildir aðeins fyrir samninga um skrifstofu), 50.000 GBP / 100.000 USD / 66.000 EUR (eða sambærileg upphæð í gjaldmiðli viðkomandi lands).

4. Gjöld

- 4.1. Trygging/innborgun: Við höldum effir vaxtalaus tryggingarfé/innborgun sem tryggingu fyrir því að þú uppfyllir allar skyldur þínar sem samningurinn kveður á um. Ósk um endurgreiðslu tryggingar/innborgunar skal send inn gegnum netreikninginn þinn eða appið. Við greiðum tryggingarféð/innborgun til baka innan 30 daga, svo framarlega sem samningnum hefur verið sagt upp og þú hefur greitt allt sem þér ber. Við drögum öll útistandandi gjöld og annan kostnað frá áður en við endurgreiðum þér mismuninn. Við munum fara fram á að þú greiðir hærra tryggingargjald ef mánaðargjöld vegna skrifstofu eða fjarskrifstofu hafa hækkað við endurnýjun samnings, ef útistandandi gjöld eru hærra en tryggingargjaldið/innborgunin og/eða ef þú ítrekað greiðir ekki reikninga á gjalddaga.
- 4.2. Skattar og tollar: Þú samþykkir að greiða tafarlaust (i) allan virðisaukaskatt, neysluskatt, vöruskatt sem og aðra skatta og gjöld sem opinber yfirvöld leggja á (og framvísa sönnun á slíkum greiðslum ef við förum fram á það) og (ii) þar sem við á, hvern þann skatt sem við greiðum opinberum yfirvöldum í beinum tengslum við aðstöðuna sem þú leigir, þar með talið, en takmarkast ekki við, skatta vegna brúttótekna, leigu og umráða, eignaskatt, stimpilgjöld/tolla eða aðra skjalfesta skatta og gjöld.
- 4.3. Greiðslur: Við leitumst við að draga úr skaðlegum áhrifum okkar á umhverfið og hvetjum þig til hins sama. Því sendum við alla reikninga með rafrænum hætti og greiðslur þínar fara fram með sjálfvirkum hætti, t.d. með beingreiðslum eða kreditkort, svo framarlega sem banki í viðkomandi landi heimilar slíkt.
- 4.4. Seinkun á greiðslu: Ef þú greiðir ekki gjöld á gjalddaga verður lagt viðbótargjald á öll þau gjöld sem eru í vanskilum. Þetta gjald er mismunandi effir löndum og er tekið fram í húsreglum. Ef ágreiningur er um einhvern hluta reiknings verður þú að greiða þann hluta sem ekki er ágreiningur um fyrir gjalddaga, að öðrum kosti verður lagt á viðbótargjald vegna seinkunar á greiðslu. Við áskiljum okkur rétt til að veita ekki þjónustu (meðal annars kunnum við að meina þér aðgang að miðstöðinni ef vafi leikur á hvort greiðsla hafi verið innt af hendi) ef útistandandi gjöld og/eða vextir eru ógreidd, eða ef ákvæði samnings hafa verið brotin.
- 4.5. Ónæg innistæða: Ef greiðslum er hafnað vegna ónægrar innistæðu innheimtum við gjald vegna umsýslukostnaðar. Þetta gjald er mismunandi effir löndum og er tekið fram í húsreglum.
- 4.6. Virkjun: Greiða þarf virkjunargjald fyrir hvern samning sem þú gerir við okkur (þar á meðal nýja samninga sem gerðir eru í samræmi við gr. 1.9 hér að ofan). Þetta gjald er fyrir umsýslukostnað við innleiðingu nýs viðskiptavinar og uppsetningu reiknings. Gjaldið er gefið upp í hverjum staðbundnum þjónustusamningi og það er skuldfært á hvern notanda ef um er að ræða skrifstofu með þjónustu eða skrifborð á sameiginlegu vinnusvæði, fyrir hverja staðsetningu ef um er að ræða fjarskrifstofu og fyrir hvern einstakling ef um aðild er að ræða. Frekari upplýsingar eru í Húsreglum okkar.
- 4.7. Verðtrygging: Ef samningur er gerður til lengri tíma en 12 mánaða, eða samningi frá mánuði til mánaðar er ekki sagt upp innan 12 mánaða, verða mánaðarlegar greiðslur endurreiknaðar með tilliti til verðbólgu í upphafi hvers endurnýjunartímabils. Þetta kemur nánar fram í húsreglum.
- 4.8. Standsetning skrifstofu: Þegar þú yfirgefur skrifstofuna eða flytur starfsemi þína yfir í annað herbergi innan miðstöðvarinnar innheimtum við fast þjónustugjald sem nær yfir hefðbundin þrif og annan kostnað sem fellur til við að koma aðstöðunni í upphaflegt ástand. Þetta gjald er mismunandi effir löndum og er tekið fram í húsreglum. Við áskiljum okkur rétt til að innheimta viðbótargjöld innan eðlilegra marka ef framkvæma þarf viðgerðir sem falla utan hefðbundins viðhalds.
- 4.9. Hefðbundin þjónustugjöld: Mánaðarleg gjöld, ásamt sköttum og greiðslum fyrir viðbótarþjónustu sem þú hefur óskað effir skal greiða fyrirfram, einn mánuð í senn. Þegar um er að ræða daggjöld er gjald fyrir hvern mánuð reiknað út með því að margfalda daggjöldin með 30. Ef um er að ræða tímabil sem nær ekki einum mánuði eru gjöldin reiknuð út hvern dag fyrir sig.
- 4.10. Greitt samkvæmt notkun og önnur breytileg þjónusta: Gjöld vegna þjónustu sem greitt er fyrir samkvæmt notkun, ásamt sköttum, skal greiða mánaðarlega effir á samkvæmt gjaldskrá. Gjaldskrá okkar getur tekið breytingum, og er fánleg hverju sinni samkvæmt beiðni.
- 4.11. Afslættir, kynningartilboð og önnur tilboð: Ef þú brýtur efnislega gegn samningnum munum við fyrirvaralaust afturkalla alla afslætti, kynningartilboð eða önnur tilboð sem þú hefur fengið hjá okkur.

